

13. maí 2025

Skipulagsstofnun
Jóhanna Hrund Einarsdóttir
Sérfræðingur, svið umhverfismats

Við auglýsingu matsáætlunar „Kláfur upp á Eyrarfjall“ bárust niu umsagnir. Einn umsagnaraðila óskaði eftir því að hans yrði ekki getið.

Umsagnir

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. Hlynur Reynisson. Umsögn um matsáætlun – Kláfur upp á Eyrarfjall ofan Ísafjarðar. Bolungarvík 3.febrúar 2025.
Isavia. Sigrún Björk Jakobsdóttir. Umsögn birt 27.01.2025.
Ísafjarðarbær. Axel Rodriguez. Umsögn Ísafjarðarbæjar. 4. febrúar 2025.
Minjastofnun Íslands. Lísabet Guðmundsdóttir Minjavörður Vestfjarða. Umsögn um matsskildu vegna kláfs upp á Eyrarfjall. Drangsnæs, 3. febrúar 2025.
Náttúrufræðistofnun. Lovísa Ásbjörnsdóttir. Efni: Kláfur upp á Eyrarfjall ofan Ísafjarðar. Matsáætlun. Garðabær, 4.2.2025.
Stefán Freyr Baldursson. Ábendingu vegna hugsanlegra steingervinga í fjallinu.
Veðurstofa Íslands. Hlíf Sævarsdóttir. Umsögn Veðurstofu Íslands. Dags. 13. janúar 2025.
Vegagerðin. Sigurður Friðgeir Friðriksson. Kláfur upp á Eyrarfjall, Ísafjörður – Kynning á matsáætlun, málsnúmer. 23 janúar 2025.
Vinnueftirlitið. Elfar Reynisson. Varðandi: Matsáætlun um kláf upp á Eyrarfjall ofan Ísafjarðar. Ísafjörður 28.01.2025.

Umsagnir og svör framkvæmdaaðila

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða hefur yfirfarið ofangreinda matsáætlun. Ekki eru gerðar athugasemdir við áætlunina.

Svar:

Gefur ekki ástæðu til breytinga á matsáætlun.

Isavia

Isavia Innanlandsflugvellir hefur mótttekið erindi Skipulagsstofnunar með umsagnarbeiðni vegna matsáætlunar fyrir kláf upp á Eyrarfjall ofan Ísafjarðar.

RORUM ehf.

Lyngháls 10 • 104 Reykjavík • +354 897 7395 • +354 864 7999 • rorum@rorum.is • www.rorum.is

Isavia vekur athygli á að Samgöngustofa er hin lögformlegi umsagnaraðili í ýmsum málum er lúta að flugsamgöngum og flugvöllum á Íslandi og því er eðlilegt að leitað sé umsagnar þeirrar stofnunar um málið hafi það ekki þegar verið gert.

Svar:

Í umhverfismatsskýrslu verður leitað álits Samgöngustofu.

Isavia gerir ekki athugasemd við á kláfur verði settur upp eins og matsáætlun sýnir.

Kláfurinn hefur eins og áður hefur verið bent á ekki áhrif á blindaðflug að Ísafjarðarflugvelli en hefur hins vegar áhrif á sjónaðflug og sjónbrotttflug frá flugvelliinum og líklegt er að kláfur fari upp úr hindranaflötum flugvallarins. Verði samþykkt og farið í að setja kláf upp samkvæmt kynntum gögnum þarf að hindranlýsa kláfinn skv kröfum ICAO í samráði við Isavia og Samgöngustofu.

Svar:

Í umhverfismatsskýrslu verður tekið fram að það þurfi að hindranlýsa kláfinn s.kv. kröfum ICAO í samráði við Isavia og Samgöngustofu.

Einnig þarf hanna sjónflugsleiðarkort fyrir flugmenn þar sem kláfur væri tilgreindur.

Svar:

Taka þarf fram að hanna þurfi sjónflugsleiðarkort fyrir flugmenn þar sem kláfur væri tilgreindur.

Ísafjarðarbær

Með vísan til matsáætlunar fyrirhugaðrar framkvæmdar „Kláfur upp á Eyrarfjall“ og teljum hana í meginráttum vandaða og í samræmi við lög og reglugerðir um mat á umhverfisáhrifum.

Hins vegar teljum við nauðsynlegt að leiðrétta ákveðnar upplýsingar og bæta við nánari greiningu á nokkrum þáttum til að tryggja að matið byggji á réttum forsendum. Í matsáætluninni kemur fram að ekki hafi verið gerðar veðurfarslegar rannsóknir á svæðinu. Þetta er ekki rétt, þar sem til eru umfangsmikil veðurfarsgögn frá veðurstöðvum á Ísafirði, Seljalandsdal, Þverfjalli, Hnífsdal og flugstöðinni á Ísafirði, auk veðurmælinga á Heiðinni, Nónvatni og Miðfellshálsi. Því er nauðsynlegt að leiðrétta þessa fullyrðingu og taka mið af fyrirliggjandi gögnum við mat á áhrifum veðurs á framkvæmdina, einkum með tilliti til vinda og rekstraröryggis kláfsins.

Svar:

Fjallað er um um veðurfar út frá gögnum frá nokkrum veðurstöðvum.

Einnig viljum við benda á ónákvæma framsetningu efnisþarfar í matsáætluninni. Í kafla um efnisöflun er magn efnisþarfar sett fram í fermetrum (m^2), en þar átti að standa fermetrar (m^3), þar sem um efnismagn er að ræða. Fermetrar eru mælieining fyrir flatarmál og henta ekki til að lýsa magni jarðefna eða fyllingarefnis. Við leggjum því til að þessu verði breytt í endanlegri umhverfismatsskýrslu.

Svar:

Framsetning eininga hefur verið leiðrétt þar sem þess þurfti.

Auk framangreinds teljum við mikilvægt að nánari greining fari fram á sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar, þar sem skýrar þrívíddarmyndir eða sjónræn líkön sýna áhrif kláfsins frá mismunandi sjónarhornum í nærliggjandi byggð.

Svar:

Gerð verður ítarleg greining á á sjónrænum áhrifum m.a. með þrívíddarteikningum á frá mismunandi sjónarhornum.

Einnig mætti leggja fram frekari gögn frá framleiðanda um hljóðvist kláfsins til að tryggja að áhrif á nærliggjandi svæði séu rétt metin.

Svar:

Í umhverfismatsskýrslu verða lögð fram gögn sem sýna hversu hljóðlátur kláfurinn er.

Í ljósi þessa teljum við að matsáætlunin sé í heild sinni vönduð en hvetjum til eftirfarandi úrbóta:

. Leiðréttu þarf rangfærslur um veður-farsrannsóknir og taka mið af fyrirbyggjandi gögnum í mati á veðuráhrifum á framkvæmdina.

. Framsetning efnisþarfar þarf að vera rétt og notast ætti við rúmmetra (m^3) í stað fermetra (m^2).

. Auka þarf greiningu á sjónrænum áhrifum, hljóðvist og áhrifum veðurs á rekstur kláfsins.

Við væntum þess að þessar ábendingar verði teknar til greina í áframhaldandi vinnu við umhverfismatið.

Svar:

Þessar ábendingar hafa verið teknar til greina í matsáætlun. Sjá hér á undan.

Minjastofnun Íslands

Umsögn um matsskildu vegna kláfs upp á Eyrarfjall.

Minjastofnun Íslands hefur erindi Skipulagsstofnunar þar sem óskað er eftir umsögn um matsáætlun vegna fyrirhugaðra framkvæmda á kláf upp Eyrarfjall. Rafræn gögn var hægt að nálgast þann 6. janúar. Fornleifaskráning hefur farið fram á umræddu svæði, hún uppfyllir þó ekki staðla Minjastofnunar Íslands í dag. Hún hins vegar veitir gott yfirlit um staðsetningu fornleifa í landi Eyrar og samkvæmt þeirri skráningu eru engar þekktar fornminjar á þessu svæði. Minjastofnun gerir því ekki athugasemdir við matsáætlunina.

Svar:

Í Umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir Fornleifaskráning sem hefur farið fram á umræddu svæði.

Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Svar:

Í umhverfismatsskýrslu verður tekið fram að ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar.

Náttúrufræðistofnun

Efni: Kláfur upp á Eyrarfjall ofan Ísafjarðar. Matsáætlun. Garðabær, 4.2.2025 Málsnúmer: 202501-0033
LA Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 6. janúar 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsáætlun vegna uppsetningu kláfs upp á Eyrarfjall ofan Ísafjarðarbæjar. meðal íbúa í byggð vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar. Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við matsáætlun.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og þar kemur fram flest það sem skoða þarf vegna mats á umhverfisáhrifum. Stofnunin skilaði inn umsögn um sömu framkvæmd til Skipulagsstofnunar 11. febrúar 2021 vegna matsskyldufyrirspurnar og er margt þar sem á enn við.

Í eldri umsögn Náttúrufræðistofnunar var nefnd þörf á veðurfarsrannsóknum, en fram kemur í matsáætlun að stuðst verður við veðurfarslegar upplýsingar frá öðrum svæðum. Ekki er ljóst hvort að þær upplýsingar séu fullnægjandi t.d. er varðar vind, snjóalög og ísingu upp á Eyrarfjalli.

Svar:

Í umhverfismatsskýrslu verur gert grein fyrir veðurathugunum sem notaðar eru.

Fram kemur að sett verður upp veðurstöð samhliða framkvæmdum sem nýtt verður til þess að meta öruggan flutning á fólki sem verður að mestu leiti yfir sumarmánuði.

Svar:

Í Umhverfismatsskýrslu mun koma fram að sett verður upp veðurstöð samhliða framkvæmdum.

Náttúrufræðistofnun telur að veðurfarsrannsóknir séu mikilvægur þáttur sem þarf að skoða vel áður en uppbygging og rekstur hefst.

Svar:

Í Matsáætlun er farið yfir þær veðurathuganir sem umfjöllun í Umhverfismatsskýrslu mun byggja á.

Samkvæmt matsáætlun verða ekki gerðar sérstakar athuganir á jarðminjum en Náttúrufræðistofnun telur þörf á að kanna urðarbygging upp á Gleiðarhjalla og hvort í honum sé sífreri eða mögulegar hreyfingar á jarðefnum

Svar:

Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um sífrera samkvæmt minnisblaði Ágústar Guðmundssonar Jarðfræðings.

Þá er mikilvægt að kanna vel brún Eyrarfjalls, ofan Gleiðarhjalla, með tillit til hættu á grjóthruni.

Svar:

Fjallað verður um brún Eyrarfjalls, ofan Gleiðarhjalla, með tillit til hættu á grjóthruni.

Gera þarf vel grein fyrir breytingum á ásýnd og landslagi fyrirhugaðra framkvæmda, eins og til stendur í umhverfismatsskýrslu.

Svar:

Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir breytingum á ásýnd og landslagi fyrirhugaðra framkvæmda með m.a. þrívíddarteikningum af kláfnum undir mismunandi sjónarhornum.

Fjallað verður um sjónræn áhrif í mati á umhverfisáhrifum og þar þarf einnig að koma fram áhrif vegna ljósmengunar.

Svar:

Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um áhrif vegna ljósmengunar.

Gera þarf grein fyrir þjónustubyggingum, útsýnispöllum og handriðum á Eyrarfjalli og ásýnd þeirra.

Svar:

Í Umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir útsýnispöllum og handriðum á Eyrarfjalli og ásýnd þeirra.

Náttúrufræðistofnun telur einnig mikilvægt að gerð sé grein fyrir áhrifum framkvæmda á óbyggð víðerni á Eyrarfjalli og nágrenni, ásamt umfangi skerðingar á þeim.

Svar:

Í Umhverfismatsskýrslu verður fjallað um áhrif framkvæmdarinnar á óbyggð víðerni á Eyrarfjalli.

Mikilvægt er að í umhverfismatsskýrslu sé gerð grein fyrir frágangi framkvæmda sem valda raski á yfirborði og að gerð sé grenndarkynning.

Svar:

Í Umhverfismatsskýrslu verður gert grein fyrir frágangi framkvæmda.

Veðurstofa Íslands

Með erindi dags. 6. janúar sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um uppsetningu á kláfi upp á Eyrarfjall ofan Ísafjarðar. Umsögn Veðurstofu Íslands er sem hér segir:

Í reglugerð 636/2009, um hættumat vegna snjóflóða á skíðasvæðum, segir í 11. grein að „lyftumöstur og togvír stólalyftna og kláfa skulu þola ástreymisþrýsting hönnunarflóðs, sbr. leiðbeiningar Veðurstofunnar“. Þetta þarf að hafa í huga við hönnun kláfsins.

Svar:

Í umhverfismatsskýrslu verður tekið fram að „lyftumöstur og togvír stólalyftna og kláfa skulu þola ástreymisþrýsting hönnunarflóðs, sbr. leiðbeiningar Veðurstofunnar“. Þetta þarf að hafa í huga við hönnun kláfsins.

Kláfurinn opnar aðgengi að skíðaleiðum þar sem er hætt á að skíðafólk setji af stað snjóflóð. Í áðurnefndri reglugerð segir að „sé talin hætt á snjóflóðum innan skipulagðra skíðasvæða skal rekstraraðili gera áætlun um daglegt eftirlit og tímabundnar öryggisaðgerðir“. Ef reka á kláfinn að vetri til fyrir skíðafólk þarf því að liggja fyrir áætlun um hvernig snjóflóðahætta verður metin á þessum skíðaleiðum og um viðbúnað vegna hættunnar.

Svar:

Í umhverfismatsskýrslu verður gert grein fyrir því að kláfurinn opnar ekki aðgengi að nýjum skíðaleiðum.

Við framkvæmdir upp á Gleiðarhjalla getur orðið hrun niður hlíðina. Huga þarf að þessari hættu bæði fyrir byggðina en einnig vegna umferðar fólks í hlíðinni. Í matsáætluninni er sagt að á hverju ári séu sprengdir fleiri steinar sem hætt er talin af. Rétt er að steinar hafa verið sprengdir í brún Gleiðarhjalla en mörg ár hafa liðið á milli þess sem það er gert.

Svar:

Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um hugsanlegt hrun vegna framkvæmdanna.

Væntanlega þarf að huga að því hvernig brugðist verður við ef bilun verður í kláfnum og koma þarf fólki niður af fjallinu án hans.

Svar:

Í umhverfismatsskýrslu verður gert grein fyrir því hvernig brugðist verður við ef bilun verður í kláfnum og koma þarf fólki niður af fjallinu án hans.

Vegagerðin

Efni: Kláfur upp á Eyrarfjall, Ísafjörður – Kynning á matsáætlun, málsnúmer. 7/2025.

Vegagerðin hefur móttengið til rýni erindi Skipulagsstofnunar dags. 6. janúar 2025 þar sem óskað er eftir umsögn um matsáætlun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við uppbyggingu á kláf upp Eyrarfjall, skv. 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Málsnúmer 7/2025. Eyrarkláfur ehf. áformar að setja upp kláf með byrjunarstöð í þéttbýlinu á Ísafirði neðan Eyrarfjalls, með einu millimastri á Gleiðarhjalla í hlíðum fjallsins og endastöð uppi á fjallinu. Gert er ráð fyrir uppsetningu tveggja kláfa sem munu ganga hvor á móti öðrum. Framkvæmdin felst jafnframt í gerð bílastæða og aðkomuvegar að byrjunarstöð kláfsins. Sérstaklega er beðið um að Vegagerðin gefi í umsögn sinni mat á því hvort nægilega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði Vegagerðin telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Framkvæmdarlýsing: Framkvæmdin felur í sér að byggð verður byrjunarstöð við hlíðarfót Eyrarfjalls. Á Gleiðarhjalla verður reistur millistaur í 390 metra hæð yfir sjávarmáli. Á toppi Eyrarfjalls verður svo

endastaur og endastöð kláfsins. Byggja þarf 100 metra langan veg að byrjunarstöð kláfsins. Breidd vegarins verður um 7 metrar. Á svæðinu þarf síðan að byggja bílastæði fyrir 20 bíla og 2 rútur.

Svar:

Í Umhverfismatsskýrslu verður gerð nákvæm grein fyrir umfangi bygginga.

Umsögn Vegagerðarinnar: Vegagerðin hefur rýnt gögnin með hliðsjón af ábyrgð stofnunarinnar varðandi þætti sem lúta að umferð um vegi sem eru í umsjón Vegagerðarinnar, vali á akstursleið, burðarþols, akstursöryggis o.fl. Rýni Vegagerðarinnar lýtur helst að flutningi stórra og þunga íhluta í kláf og áhrif flutninga á þjóðvegi og umferð.

Í matsáætlun er gerð grein fyrir helstu stærðum farms, en ekki flutningsleið, heildarfjöldi ferða eða áhrifum flutninganna á burð og líftíma vegakerfisins né öryggisþætti. Óskað er eftir ítarlegri upplýsingum um tilhögun flutninga, t.a.m. flutningsleið, fjölda ferða, dreifingu yfir tímabili og hvaða aðgerðir eru áformaðar til að takmarka truflun og skerða öryggi annarra umferðar. Enn fremur er óskað eftir upplýsingum um aðra umferð sem skapast á framkvæmda- og rekstrartíma.

Svar:

Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir hugsanlegum þungaflutningum.

janúar Vakin er athygli á því að skv. vegalögum nr. 80/2007 þarf heimild Vegagerðarinnar fyrir öllum framkvæmdum innan veghelgunarsvæða. Breidd veghelgunarsvæða er 30 m frá miðlínu stofnvega en 15 m frá miðlínu annara þjóðvega. Ef hluti nauðsynlegra framkvæmda vegna flutnings farms kunna að henta til frambúðar, að mati Vegagerðarinnar, skal hönnun og framkvæmd fara fram í samráði við Vegagerðina.

Svar:

Farið verður eftir lögum og reglum.

Einnig er vakin athygli á reglugerð nr. 155/2007 um stærð og þyngd ökutækja en sækja ber um undanþágu fyrir hvern einstaka flutning stærri og þyngri ökutækjum en reglugerðin segir til um. Sækja skal um undanþágu til Samgöngustofu, og lögregluembættu eftir atvikum, og leitar Samgöngustofa til samþykkis veghaldara. Samþykki Vegagerðarinn lýtur m.a. að aðstæðum til flutninga hverju sinni, svo sem árstímabundnar breytingar á burðarþoli þegar frost fer úr jörðu.

Svar:

Farið verður eftir lögum og reglum.

Í framkvæmdarlýsingu er fjalla um að áætlað er að byggja upp veg að byrjunarstöð. Stofnunin bendir á að ef sótt verður um að vegur, sem fjallað er um í matslýsingu verði settur á Vegaskrá Vegagerðarinnar sem Héraðsvegur, þá þarf vegur að uppfylla kröfur sem settar eru fram í reglugerð um Héraðsvegi nr. 744/2010.

Svar:

Í Umhverfismatsskýrslu verður fjallað um vegagerðina að kláfnum.

Vinnueftirlit ríkisins

Varðandi. Matsáætlun um kláf upp á Eyrarfjall ofan Ísafjarðar.

Vísað er til erindis Skipulagstofnunar dags 06.01.2025 þar sem óskað er eftir að Vinnueftirlitið gefi umsögn um Matsáætlun, vegna kláfs upp á Eyrarfjall ofan Ísafjarðar.

Mat á matsáætlun vegna uppsetningar kláfs frá hlíðum Eyrarfjalls upp á toppinn á Eyrarfjalli, varðar ekki hlutverk Vinnueftirlitsins.

Vinnueftirlitið hefur farið yfir framlögð gögn og gerir ekki athugasemdir við framkvæmdina fyrir sitt leiti á þessu stigi, en minnir á að við hönnun, framkvæmdir og uppsetningu kláfsins þarf að taka tillit til laga nr. 46/1980 um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Svar:

Ekki er ástæða til að breyta Matsáætlun.

Um starfsemina eða hluta hennar gilda jafnframt eftirfarandi reglugerðir sem heyra undir stofnunina og taka þarf tillit til :

- nr. 581/1995 um Húsnæði vinnustaða
- nr. 1005/2009 um Vélar og tæknilegan búnað
- nr. 553/2004 um Verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum
- nr. 390/2009 um Mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum

Við starfsemina verður tekið tillit til reglugerða sem heyra undir stofnunina.

Virðingarfyllst,

Þorleifur Eiríksson